

Áfrýjandinn, Einar Finnbogason, greiði stefnda, Sveini M. Jónssyni, 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, og greiðist upphæð þessi áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 28. janúar 1918.

Nr. 96/1917.

Réttvísinn

gegn

Jóni Gunnarssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 24. apríl f. á. var hinn ákærði, Jón Gunnarsson kaupmaður frá Holti í Mjóafirði, dæmdur fyrir brot gegn 263. gr., sbr. 262. gr. og 264. gr. 2. lið, hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta einföldu fangelsi í einn mánuð og til að greiða allan sakarkostnað, þar með talinn varðhaldskostnað, en dómi þessum hefir eftir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Árið 1912 stóð ákærði fyrir kaupfélagi í Mjóafirði, en árið eftir, hinn 7. maí 1913, leysti hann borgarabréf og fór að verzla fyrir eigin reikning, en lítið virðist hafa kveðið að verzlun hans það ár, en árið 1914 fekk hann vörur frá ýmsum, þar á meðal frá stórkaupmanni Jakobi Gunnlögssyni í Kaupmanna-

höfn fyrir 9387 kr., og hefir ekki greitt upp í þá skuld nema rúmar 40 kr. Sama ár fekk ákærði hjá sama kaupmanni 8000 kr. til þess að kaupa fisk fyrir, en skilaði hvorki peningunum aftur né nokkrum fiski. Hinn 22. nóv. 1915 framseldi ákærði bú sitt til gjaldprotaskifta og skýrði hann þá frá, að hann skuldaði 27410 kr. 93 aur., en eignir vísaði hann ekki á aðrar en útistandandi skuldir að upphæð 2720 kr. 68 aur. og nokkra lausafjármuni, er virtir hafa verið á 868 kr. 50 aur. Nokkrum dögum eftir að ákærði framseldi bú sitt til gjaldprotaskifta eða hinn 30. nóv. 1915 krafðist umboðsmaður Jakobs Gunnlögssonar, að rannsakaður væri hagur búans og verzlunarrekstur ákærða m. m., og við rannsókn þá, er samkvæmt þessu hefir farið fram, hafa eftirgreind atriði komið í ljós.

I. Með samningi dags. 30. jan. 1914 lofaði stórkaupmaður Jakob Gunnlögsson að lána ákærða til fiskkaupa 8000 kr. gegn sjálfsskuldarábyrgð 5 manna, og lofaði ákærði hins vegar, að nota peninga þessa til fiskkaupa og átti fiskurinn að sendast Jakobi Gunnlögssyni og skyldi hann annast sölu á honum. Hinn 4. apríl tóku 3 menn í Mjóafirði að sér ábyrgð á greiðslu upphæðarinnar, og eftir það fekk ákærði peningana; keypti hann fisk, að því er hann skýrir frá, fyrir mikið af peningunum, en Jakob fekk þó ekkert af fiskinum og ekki heldur endurgreiddi ákærði peningana, heldur notaði þá í sínar þarfir. Þar sem umræddir peningar voru af hendi látnir eingöngu til að kaupa fyrir þá fisk, sem sendast átti Jakob Gunnlögssyni til umboðssölu, verður að líta

svo á, að meðferð ákærða á peningum þessum hafi verið heimildarlaus, og þar sem umgetna kærú umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar verður að skoða sem kröfu um, að ákærði sæti hegningu fyrir meðferð sína á peningum þessum og þeir hafa ekki verið endurgoldnir, verður ákærði að sæta ábyrgð fyrir hana samkvæmt 256. gr. hegningarlöganna.

II. Ákærði átti hús á Asknesi í Mjóafirði, sem brann í september 1914. Það var vátrygt fyrir 12500 kr., en húsgögn ákærða, er einnig brunnu, fyrir 2650 kr.

Hinn 12. maí 1915 veitti ákærði Jakob Gunnlögssyni umboð til að taka á móti vátryggingarfénu hjá hlutaðeigandi vátryggingarfélagi bæði fyrir hið brunna hús og innanstokksmuni, og bera prófin með sér að ákærði hafi lagt svo fyrir, að Jakob Gunnlögsson skyldi greiða konsúl St. Th. Jónssyni á Seyðisfirði af fé þessu 4200 kr., en taka afganginn upp í áður nefnt 8000 kr. fiskkaupalán. 25. sept. s. á. upphafir ákærði umboð þetta og afsalar nefndum konsúl umrædda kröfu á vátryggingarfélagið, þó með þeim nánari skilyrðum, að upphæðin gangi til að greiða alla þá peninga og víxla, er ákærði skuldaði St. Th. Jónssyni og 1950 kr. til Pettersens nokkurs, en afgangurinn skyldi ganga til ábyrgðarmannanna fyrir oftnefndu fiskkaupaláni Jakobs Gunnlögssonar. Þar sem ákærði eftir öllum hag sínum hlaut að sjá það fyrir hinn 25. sept. 1915, er hann gaf umrætt afsal, að gjaldprot vofðu yfir, verður að líta svo á, að hann með umræddu afsali hafi viljað gefa sumum af skuldheimtumönnum sínum réttindi fram yfir aðra, og hefir

hann með þessu gerzt brotlegur gegn 263. gr., sbr. 262. gr., hegningarlaganna.

III. Um haustið 1915 átti vélbáturinn »Trausti«, þá eign Gunnars Jónssonar, föður ákærða, og Víglundar Þorgrímssonar mágs ákærða, hjá ákærða eftir bókum hans kr. 944,56
 Gunnar átti hjá ákærða — 1318,17
 en Víglundur skuldaði honum (ákærða) — 2484,15

Hinn 31. okt. s. á. færði ákærði úr viðskifta-reikningi »Trausta« 940 kr. Víglundi til tekna og sama manni til tekna 1050 kr. úr reikningi Gunnars. Ákærði hefir þannig notað nokkuð af eignum sínum, kröfuna á Víglund, til þess að greiða með meginíð af inneign föður síns. Öll inneign Gunnars var 31. okt. 1915 kr. 1318,17 og helmingur ágóðans á útgerð »Trausta« 470 kr. eða als kr. 1788,17 og af þessari upphæð fékk Gunnar með tilfærslunum greiddar 1520 kr. Ákærði hefir kannast við, að greindar tilfærslur hafi verið ívilnun til föður síns, en hann heldur því fram, að þeir Gunnar og Víglundur hafi beðið sig um tilfærslurnar löngu áður en þær fóru fram, og styðst þessi skýrsla við framburð Víglundar. Kveðst ákærði hafa álitíð það skyldu sína, að færa þetta þannig til í bókum sínum samkvæmt gefnu lofordi.

Eins og undirréttarskjal nr. 45, reikningur frá verzlun St. Th. Jónssonar á Seyðisfirði, ber með sér, hefir nefnd verzlun fengið alla skuld sína hjá ákærða greidda hinn 1. okt. 1915, með því að þann dag hefir útgerð mótorbátsins »Hjalta« greitt inn í reikning ákærða kr. 6337,99. Fyrir þessu hefir ákærði gert þá grein, að hann hafi útvegað útgerðinni allar vör-

ur, og fengið þær hjá verzlun St. Th. Jónssonar nema saltið, og segist hann þá hafa talið sjálfsagt, að nefndri verzlun yrðu greiddir þeir peningar, sem hann fengi hjá útgerð bátsins upp í vörur þær, er útgerðin hafði fengið hjá ákærða, og auk þess heldur hann því fram, að hann hafi engin umráð haft yfir fiski útgerðarinnar, og hann neitar því að hann hafi ætlað að ívilna verzlun St. Th. Jónssonar, þótt hann bæði Hjaltá-útgerðina að greiða skuld sína við nefnda verzlun, skuld er stafaði frá úttekt til útgerðarinnar — Þessari skýrslu ákærða er ekki hnekt, og verður því ekki álitid að hér sé um ólöglega ívilnun til eins skuldheimtumanns að ræða, eða að ákærða hafi verið það ljóst, að um slíkt væri að ræða, en hins vegar hefir ákærði með áður nefndum tilfærslum Gunnari föður sínum í hag, gjörst brotlegur gegn 263. gr., sbr. 262. gr. hegningarlaganna.

IV. Hvað bókfærslu ákærða viðvikur, er það upplýst við prófin, að hann hefir haft bréfabók, en í hana er að eins eitt bréf innfært og það með blýanti. Ákærði hefir borið að hann hafi fært sjóðsbók nákvæmlega. Um sjóðsbókina er upplýst í prófunum — sjálf bókin fylgir eigi dómsgerðunum — að hún sé rituð með blýanti og sé liðugar 2 opnur; hún byrjar 2. júní 1915 en endar 6. nóv. s. á. og var bókin ósamanlögð. Ákærði heldur því fram, að sjóðsbók sú, er hann notaði til 2. júní 1915 hafi glatast. Höfuðbók hélt ákærði og er hún færð að nokkru leyti, þó ber hún það með sér, og ákærði kannast við, að hann hefir ekki fært viðskiftareikning Jakobs Gunnlögssonar og St. Th. Jónssonar. Hefir hinn síðarnefndi

alls engan viðskiftadálk í höfuðbókinni, en á viðskiftadálk Jakobs Gunnlögssonar eru að eins nokkrar tölur færðar, en þó heyrðu þessir kaupmenn til aðalviðskiftamanna ákærða.

Þá er það upplýst í prófunum, að nokkur blöð eru algerlega rifin úr höfuðbók ákærða en sum til hálf, og hefir ákærði ekki gert aðra grein fyrir þessu en þá, að blekklessur hafi fallið á blöðin, er hann eitt sinn hálfkendur hafi verið að skoða bókina, og þá hafi hann rífið þessi blöð úr. Í sama skifti reif ákærði, að því er hann segir, úr registri höfuðbókarinnar eitt blað með bókstafnum I, en síðan hefir hann búið til registur á lausu blaði í staðinn fyrir hið útskrifaða blað. Enn fremur hefir ákærði viðurkennt að hann hafi enga reikningsfærslu haft yfir vinnulaun og annan kostnað við rekstur verzlunarinnar, og eigi heldur yfir sína eigin úttekt, og kveðst ekki geta neina grein gert fyrir því, hvað mikið hafi gengið til þessara útgjalda, og aldrei hefir ákærði gert yfirlit yfir efnahag sinn. — Framangreind óregla er af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 2. lið 264. gr. hegningarlaganna.

V. Loks kemur til athugunar greinargerð sú, sem ákærði hefir gefið um hag sinn yfirleitt. Eins og fram hefir verið tekið, hefir ákærði kannast við, að hann hafi aldrei gert yfirlit yfir efnahag sinn eða verzlunarinnar. Hann kannast við að skuldir hans muni nema um 27430 kr., en á aðrar eignir hefir hann eigi vísað en útistandandi skuldir að upphæð 2720 kr. 68 a. og lausafjármuni virta á 868 kr. 50 a. fyrir utan áður umgetna kröfu á brunabótafé-

lagið, en um það hvernig hann hafi komist í þessi fjárprot hefir hann eigi gefið neina ábyggilega skýrslu. Hann heldur því fram, að hann viti ekki til, að hann hafi tapað á fiskkaupum sínum, og hann kveðst hafa ætlað að leggja svo mikið á vörur sínar, að hann græddi eitthvað á þeim að frádregnum kostnaði. — Kærði heldur því að vísu fram, að hann hafi tapað 8000 kr. í peningum við brunann á Asknesi haustið 1914 og 2000 kr. hafi hann mist í sjóinn í nóv. 1915. Að því er hina fyrri upphæð snertir, kannast ákærði við það, að hann hafi ekki getið um þetta peningatap, þá er brunaprófin voru haldin um bruna nefndra húsa, en hann heldur því fram, að orsökkin til þess hafi verið sú, að hann hafi álitíð að hann mundi missa lánstraust, ef það vitnaðist hve mikla upphæð hann hafi mist í brunanum, en í sjóinn kveðst ákærði hafa mist peningana á ferð með gufuskipinn Gullfoss frá Mjóafirði til Seyðisfjarðar í nóvember 1915. Kveðst ákærði hafa haft með sér peninga, á þriðja þúsund krónur í gulu umslagi ólokuðu; hafi hann staðið á neðsta þilfari og hafi hann þar tekið upp úr vasa sínum ýms skjöl, þar á meðal umslagið með peningunum, en þá hafi drukkinn maður er ákærði þekti ekki, rekist á hann og hafi hann þá mist umslagið með peningunum í sjóinn. Ekki hefir ákærði skýrt neinum frá þessu fyr en við prófin í málinu. Þrátt fyrir það þó ákærði hafi, eins og áður er sagt, ekki gefið neina ábyggilega skýrslu um það hvernig hann hafi komist í umrædd fjárprot og þótt framburður hans um peningamissi hans sé með öllu ósennilegur hefir þó ekki fengist nein sönnun um

það, að ákærði hafi skotið eignum sínum undan protabússkiftum.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir honum ekki áður verið refsað fyrir neitt afbrot.

Refsing sú, er hann hefir tilunnið fyrir framan- greind atbrot virðist samkvæmt 256. gr. sbr. 255 gr., 263 gr. sbr. 262 gr. og 264 gr. 2. lið hegningarlag- anna og með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði.

Um málskostnað í héraði skal aukaréttardómur- inn vera óraskaður. Allan af áfrýjun málsins leið- andi kostnað verður ákærði að greiða, þar með talin málfutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verj- anda 20 kr. til hvors.

Kæra sú, er gaf tilefni til sakamálsrannsóknar þessarar, er dags. 30. nóv. 1915 og var próf haldið í málinu 6. desbr. s. á. og rannsókninni haldið áfram til 28. apríl 1916; þá varð hlé á rannsókninni til 17. apríl 1917, en þann dag var málið tekið til dóms og dómur kveðinn upp í því 24. s. m., en greinargerð undirdómarans fyrir þessum drætti verður atvikum að telja nægilega.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Jón Gunnarsson sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði.

Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen 20 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. jan. 1918.

Nr. 60/1917.

Magnús Gíslason f. h.

I. Lauritzen

gegn

Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Magnús Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd I. Lauritzen konsúls í Esbjerg, eiganda gufuskipsins »Ellen«, fyrir sjórétti Seyðisfjarðarkaupstaðar gegn Sigurði Jónssyni framkvæmdarstjóra þar til greiðslu á 105 sterlingspundum í aukabiðgjald fyrir 7 aukabiðdaga, er hann taldi áðurnefnt skip hafa tafist í marz- og aprilmánuði 1914 við affermingu á saltfarmi, er Sigurður Jónsson var viðtakandi að. Auk fyrgreindrar upphæðar krafðist hann 5⁰/₁₀₀ ársvaxta af henni frá 7. apríl 1914 til